



Annáll vorannar 2024

Upphaf vorannar

Kennsla hófst skv. stundaskrá fimmtudaginn 4. janúar og verkefna- og prófadögum lauk þriðjudaginn 21. maí. Heildarfjöldi nemenda við skólann á vorönn 2024 var 502. Þar af voru 396 nemendur í dagskóla og 106 nemendur í kvöld- og helgarnámi. Í heildina var kynjaskipting þannig að 66,5% nemenda voru karlar og 33,5% konur. Í dagskólanum var kynjahlutfallið 66% karlar og 34% konur, í dreifnámi var kynjahlutfallið 70% karlar og 30% konur. Í dagskólanum voru flestir á opinni stúdentsbraut eða 147 nemandi. 44 nemandi var á náttúrufræðabraut og 38 á félagsfræðabraut. 25 nemendur voru á sjúkraliðabraut í dreifnámi. Á iðnnámsbrautum var 62 nemandi í rafvirkjun í dagskóla, í húsasmíði voru 31 nemendur í dagskóla og 44 í dreifnámi, í vélvirkjun voru 23 nemendur í dagskóla.

Foreldrasamstarf

Stjórn foreldraráðs skólaárið 2023-2024 skipa Guðrún Guðbjarnadóttir, Sædís Þórhallsdóttir, Hjördís Garðarsdóttir, Ólöf Lilja Lárusdóttir og Auður Líndal. Varamenn eru Anna Sólveig Smáradóttir og Íris Jónsdóttir. Ráðið heldur fundi og eru fundargerðir vistaðar í skjalakerfi skólans. Hægt er að koma ábendingum til ráðsins í gegnum netfangið foreldrarad@fva.is. Foreldraráð í samstarfi við skólann buðu upp á fyrirlestur um Hugarfrelsi 22. janúar. Í annarlok var umræða um forvarnir og forráðamönnum nemenda yngri en 18 ára sent bréf um mikilvægi þeirra.

Fulltrúaráð og skólanefnd

Fulltrúaráð er skipað 12 fulltrúum frá sex sveitarfélögum sem standa að rekstri skólans. Fulltrúaráð skipa Benedikt J. Steingrímsson, Guðmann Magnússon, Margrét Helga Ísaksen, Ragnheiður Helgadóttir og Sigrún Ágústa Helgudóttir (Akranes), Þorvaldur T. Jónsson og Jóhanna Þorvaldsdóttir (Borgarbyggð), Einar Jón Geirsson (Dalabyggð), Ástríður Guðmundsdóttir (Skorradalshreppur), Veronika G. Sigurðardóttir (Eyja- og Miklaholtshreppur), Andrea Ýr Arnarsdóttir og Birkir Snær Guðlaugsson (Hvalfjarðarsveit). Steingrímur Benediktsson er áheyrnarfulltrúi kennara í fulltrúaráði skólans og Rán Höskuldsdóttir er til vara.

Í júní 2023 var skólanefnd skipuð til fjögurra ára. Tveir fulltrúar ráðsins eru kosnir í skólanefnd, í henni eru samtals fimm. Ellert Jón Björnsson, Þórdís Eva Rúnarsdóttir, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir (hætti og Liv Áse Skarstad var skipuð í nefndina), Jóhanna M. Þorvaldsdóttir og Ragnheiður Helgadóttir. Formaður er Liv Áse. Varamenn eru Hjördís Garðarsdóttir, Maren Rós Steindórsdóttir, Guðmundur Reynir Georgsson, Andrea Ýr Arnarsdóttir og Guðlaug Kristinsdóttir. Áheyrnarfulltrúi kennara er Trausti Gylfason og áheyrnarfulltrúi nemenda er Jóel Þór Jóhannesson. Áheyrnarfulltrúi foreldraráðs er Sædís Þórhallsdóttir. Fundað var 14. maí og er fundargerð að finna á vef skólans.

Ungmennaráð Akraness

Nemendur FVA eiga einn fulltrúa Ungmennaráði Akraness, sem starfar að málefnum unga fólksins á svæðinu ásamt fulltrúum frá Brekkubæjarskóla, Grundaskóla, ÍA og Tónlistarskólanum.



Afreksíþróttasvið

Á afreksíþróttasviði eru 34 nemendur sem stunda sex íþróttagreinar: Badminton, fimleika, keilu, knattspyrnu, golf og sund. Nemendur sækja tvær æfingar í viku hjá íþróttafélagi, mæta í styrktarþjálfun einu sinni í viku og fá bóklega kennslu á svið afreksíþróttanna einu sinni í viku. Þeir sem stunda sund og knattspyrnu æfa á Jaðarsbökkum, golf æfir á Garðavöllum, fimleikar æfa í fimleikahúsinu við Vesturgötu, badminton æfir nú á Jaðarsbökkum, Keilufélagið æfir í Egilshöll ásamt því að vera með tækniæfingar í stofu í skólanum. Á vorönn störfuðu 10 starfsmenn við þjálfun og kennslu á afreksíþróttasviði.

Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, verkefnisstjóri afreksíþróttasviðs FVA, var einn af fjórum fulltrúum framhaldsskólanna sem tók þátt í ritun kafla um framhaldsskóla í skýrslu mennta- og barnamálaráðuneytisins um það hvernig megi stórefla afreksíþróttastarf í landinu með fjölbreyttum hætti, styðja betur við afreksíþróttafólk og efla tengsl milli skólakerfisins, íþróttafélaga og sveitarfélaga um hlutverk framhaldsskólanna í afreksstarfi.

Iðnmeistaránám – nýtt!

35 nemendur hófu nám í iðnmeistaránámi í janúar en það nær til náms í stjórnunar- og rekstrargreinum ásamt fagtengdu námi þar sem það á við. Námið miðar að því að nemendur verði hæfir til að reka fyrirtæki skv. iðnaðarlögum og færir um að sjá um leiðsögn og kennslu iðnnema í eigin iðngrein. Hver einstaklingur getur leyst til sín meistarabréf að fullnægðum skilyrðum.

Viðburðir í skólastarfi og vettvangsferðir

Stíkað á stóru um það sem fram fór fyrir utan hina hefðbundnu kennslu á vorönn:

NFFA skipulagði glæsilega dagskrá í tilefni *Viku Sex*, 5.-9. febrúar en m.a. var boðið upp á fyrirlestur um stafrænt kynferðisofbeldi, spurt og svarað með Alexander Aron frá Hinsegin Vesturlandi og Blush Bingó til styrktar Stígamótum.

Vika Sex er árlegur viðburður þar sem skólasamfélagið setur kynheilbrigði í forgrunn og boðið er upp á dagskrárliði um málefnið alla vikuna. Þórdís Elva Þorvaldsdóttir og Alexander Aron hjá HinseginVest voru meðal fyrirlesara.

Opnir dagar voru haldnir 12.-14. febrúar en slíkt uppbrot á kennslu á sér langa hefð í skólanum. Aldís Ýr og Hildur Karen sáu um skipulagið í ár af metnaði og eldmóði. Í boði voru fjöldi viðburða sem höfðu það markmið að fræða og skemmta og skapa tilbreytingu í skólastarfinu. Meðal þess sem var í boði var skíðaferð í Bláfjöll, bollakökuskreytingar, prjón og hekl, ferð í Skopp, flugukastsnámskeið, læra að búa til skrúbba og krem, logskurður og rafsúða, smíða fuglahús og margt margt fleira!

Nemendur á lista- og nýsköpunarsviði settu upp myndlistarsýningu í skólanum. Þeir heimsóttu svo Listasafn Reykjavíkur 7. mars og fóru á sýninguna D vítamín sem sýndi brot af því helsta sem er að gerast í íslensku myndlistarsenunni hjá ungum og upprennandi myndlistarmönnum í samtímanum.

17 nemendur og tveir kennarar úr málmiðnaðardeild fóru í kynnisferð til Framtaks/Stálsmiðjunnar í apríl, en einn nemandi frá FVA er að taka smíðjutímann sinn þar. 15 nemendur og 3 kennarar úr málmiðngreinum skelltu sér á „Verk og Vit“ í Laugardalshöll 19. apríl. ÍSTAK tók a móti hópnum og kynnti fyrir þeim starfsemi fyrirtækisins og sýningin skoðuð. Í byrjun maímánaðar fór málmiðnaðardeild svo í heimsókn til Norðuráls á Grundartanga.



Hópur nemenda á 6. önn í rafvirkjun fóru í vettvangsferð til RARIK í Borgarnesi 22. mars. Starfsmenn RARIK höfðu stillt upp búnaði fyrir bæði háspennu og lágspennu sem nemendur fengu að kynna sér og skilja virkni búnaðarins. Stöðvarnar kynntu drónaflug, rafmagnsmælastöð, bilanaleitastöð háspennustrengja, háspennurofa, aflvélar, háspennusamsetningar og farartækin sem RARIK menn þurfa að nota við vinnu sína.

Hópur úr „Íslenska sem annað mál“ (ISAN) fóru í ferð á Þjóðminjasafnið 14. mars og hópur í íslenskuáfanga fóru á slóðir Snorra-Eddu í Reykholti þann 19. apríl.

Nemendur í jarð- og umhverfisfræði fóru í skemmtilega og fræðandi jarðfræðiferð á Þingvelli og í hellaskoðun í Raufarhólshelli 29. apríl.

Þann 9. apríl sl. fór fram *forvarnadagur* í Fjölbrautaskóla Vesturlands Akranesi, FVA. Fulltrúar frá Samgöngustofu og Lögreglunni á Vesturlandi fluttu erindi fyrir nemendur um þá áhættuþætti sem snúa að ungum öikumönnum. Að þeim loknum var erindi frá Neyðarlínunni og nemendur fengu að heyra dæmi um 1-1-2 símtal tengt umferðarslysi og fylgst var með á skjá hvernig neyðarvörður brást við og kallaði út viðbragðsaðila. Í kjölfarið var sviðsett umferðarslys fyrir utan skólann þar sem nemendur fengu að fylgjast með starfi viðbragðsaðila á vettvangi viðkomandi slyss. Að deginum stóðu Fjölbrautaskóli Vesturlands (FVA), Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar, Neyðarlínan 112, Lögreglan á Vesturlandi, Heilbrigðisstofnun Vesturlands og Samgöngustofa. Þjörgunarfélag Akraness sá um förðun á sjúklingum og drónaflug.

Starfsbrautin hélt sínu dampi og vann að ýmsum verkefnum, bæði bóklegum og verklegum. Nemendur iðkuðu sund og lyftingar af krafti og fóru í nokkrar styttri námsferðir, má þar nefna Borgarnes, Hvalfjörð og Reykjavík. Á námsmatsdögum fór hópurinn í lokaferð um suðurlandið og skellti sér á Laugarvatn, skoðaði Gullfoss og Geysi og tók hádegismatinn í Mathöllinni á Selfossi. Á heimleið var stoppað í Hveragerði og skoðað umbrotin eftir jarðskjálftana þar árið 2008.

NFFA

Stjórn NFFA skólaárið 2023-2024 skipa þau Jóel Þór Jóhannesson formaður, Rósa Kristín Hafsteinsdóttir, Björk Davíðsdóttir, Demi van den Berg og Anna Sigurðardóttir. Fulltrúi nýnema var Davíð Logi Heiðarsson.

Árshátíðin NFFA var haldin 14. febrúar í golfskála Leynis. Þar var mikið um dýrðir, kvöldverður og skemmtiatriði en síðan var haldið ball í sal FVA þar sem hljómsveitin Færibaldið lék fyrir dansi. Þann 8. maí var haldið *lokaball* í sal FVA þar sem nýtt hljóðkerfi var vígt og gleðin var við völd. DJ Gugga, Háski og Daniil léku fyrir dansi. Á böllum í FVA er hvatt til að vera með í edrúpotti sem snýst um að blása í áfengismæli og eiga möguleika á útdrætti um veglega vinninga. Á hverju balli er þessi kostur í boði og hefur þátttaka alltaf verið mjög góð.

Grease

11 sýningar leiklistarklúbbsins Melló á söngleiknum Grease voru fyrir fullu húsi í Bíóhöllinni í apríl. Þessi geggjáða sýning fékk einróma lof og framtíðin er heldur betur björt í leiklistinni!

KOSS

Árshátíð KOSS var haldin með pompi og prakt á Hótel Örk í Hveragerði 24. apríl. Boðið var upp á heimatilbúin skemmtiatriði og trúbador spilaði fyrir hressan hóp kennara og starfsfólks!



Jafnrétti

Ólöf H. Samúelsdóttir er jafnréttisfulltrúi skólans. Ný jafnréttisáætlun með gildistíma til 2026 var samþykkt í mars. Jafnréttisfulltrúi hélt úti fræðslu fyrir starfsfólk þar sem áhersla var á hugtaka- og orðanotkun í kynjafræðum og jafnréttismálum. Nálgunin var til þess fallin að kennarar gátu í framhaldi tekið umræðu með nemendum um málin. Einnig sótti hún kynjaþing og samráðsfund jafnréttisfulltrúa í framhaldsskólum í maí. Þá var jafnréttisfélagið Bríet endurreist á árinu en stjórn þess skipa 6 stúlkur.

EKKO teymi

Í EKKO teymi skólans sitja Jónína áfangastjóri; Bryndís og Guðrún Sigríður náms- og starfsráðgjafar; Íris Björg skólahjúkrunarfræðingur; Ólöf Húnfjörð jafnréttisfulltrúi og Rósa og Isaac eru fulltrúar nemenda. Í mars gaf Stjórnarráð Ísland út „Leiðarvísir um viðbrögð framhaldsskóla við EKKO málum nemenda“ og fögnum við því. EKKO teymið ásamt nemendafélaginu koma að skipulagningu á Viku 6, sjá um viðburði.

Farsældin

Nemendajónusta FVA er afar virk, vel menntuð og sérhæfð. Við skólann eru náms- og starfsráðgjafar í einu og hálfu stöðugildi, geðhjúkrunarfræðingur í hálfu starfi og sálfræðingur í 75% starfi. Þá er öflugt farsældarteymi skólans, sem inniheldur m.a. þrjá starfandi tengiliði sem fundar reglulega á önninni og fulltrúar þess sóttu m.a. ráðstefnuna „Farsældardagurinn á Vesturlandi“ 16. maí í Borgarnesi.

Erlent samstarf

Hópur nemenda ásamt tveimur kennurum fóru í Erasmus ferð til Stralsund í Þýskalandi í janúar. Farið var á söfn, á jarðarberjabúgarð/ævintýraland, í keilu, ratleik um borgina og fylgst með hefðbundinni kennslu svo fátt eitt sé nefnt. Nemendur FVA stóðu sig eins og hetjur, bæði í vel skipulögðu prógramminu en ekki síður í lífinu utan dagskrár þar sem þau tóku þátt í heimilislífi bláókunnugs fólks sem fór að mestu fram á þýsku að þeirra sögn. Þetta voru lærdómsríkir dagar þar sem þau kynntust kennurum og nemendum frá Þýskalandi, Spáni og Ítalíu og komumst að því að það er margt líkt í skólastarfinu en líka mjög margt ólíkt. Nemendur og kennarar frá Stralsund endurguldu svo heimsóknina í apríl.

Fjórir nemendur fóru með Kristni trésmíðakennara til Hildesheim í Þýskalandi 4.-18. mars. Nemendurnir voru í starfsþjálfun hjá þýskum fyrirtækjum í tvær vikur, á meðan kennarinn kynnti sér kennslu við Walter-Gropius-Schule skólann í Hildesheim.

Tveir kennarar úr rafiðnaðardeild heimsóttu verknámsskólann BBS II í Gifhorn í Þýskalandi í apríl. Tilgangur ferðarinnar var að koma á tengslum við góðan verknámsskóla erlendis svo að áframhaldandi þróun rafiðnaðardeildar FVA væri til staðar, nemendum, kennurum og stofnuninni til góða. Yfirskrift ferðarinnar var endurnýjanleg orka.

Sendilektor frá Danmörku sem hefur unnið í Háskóla Íslands kom í heimsókn til Frank dönskukennara í apríl. Hún skoðaði skólann og fylgdist með dönskukennslunni.

Ítalskir kennarar komu til okkar í apríl til að fylgjast með kennurum í s.k. „job shadowing“.



Húsnæði og aðbúnaður

Bókasafn

Sjálfsafgreiðsla var komið upp á bókasafninu í janúar svo nú hafa nemendur og kennarar greiddan aðgang að bókum til útláns hvenær sem er. Settur var upp skjár til að tengja við tölvu sem auðveldar hópvinnu. Nú er einnig hægt að fá lánaða fartölvu til notkunar í tíma. Bókasafnið okkar er orðið vinsæll staður til að hanga á og oft getur orðið mikið líf og fjör og stundum þarf að minna á það að taka tillit til allra sem þar eru að vinna.

Námsver

Boðið er upp á opna tíma tvisvar í viku í stærðfræði. Aðsókn mætti vera betri að þessu kostaboði en við gefumst ekki upp á að halda þessu áfram.

Mötuneyti

Hollur og góður matur er merki mötuneytis FVA. Þar er boðið upp á hafragraut á morgnana, heitan mat og salatbar í hádeginu ásamt því að hægt er að næla sér í ýmislegt í sjoppunni þess á milli. Vatnskraninn er vinsæll og vel nýttur. Starfsfólk mötuneytis er alltaf með bros á vör, tilbúið með girnilegan mat og hreinan sal á hverjum degi. Takk fyrir okkur í vetur!

Heimavist

Íbúar á heimavist skólans voru 35 á önninni, flestir í eins manns herbergjum. Nýr heimavistarstjóri tók til starfa í ágúst. Öryggismyndavélar voru settar upp á heimavistinni og einnig í anddyri skólans. Þetta er gert í öryggisskyni og fer uppsetning eftir öllum ákvæðum um persónuvernd.

Í annarlok

Við vorum öll störfum hlaðin á önninni og tíminn leið alltof hratt! Meðal þess sem lögð er áhersla á um þessar mundir er að efla námskraft, skuldbindingu og ábyrgð nemenda á námi sínu. Þar eru mörg handtökin.

Vinna við sameiginlega þróun og stefnumótun skólans hélt áfram á önninni. Við bindum miklar vonir við að stefnumótunin skili betri skóla og vinnustað og námi í sífelldri þróun.

Við þurfum á næstu árum að leggja enn meiri áherslu á lestur, lesskilning, samvinnu og samtal í námi og kennslu. Með skýrri framtíðarsýn og faglegri áherslu á farsæld nemenda og starfsfólks, samskiptasáttmála og gæðahandbók með verkferlum batnar bæði námsumhverfi, árangur og velferð okkar allra í námi og starfi.

Að nýta tímann vel með nemendum er brýnna en nokkru sinni fyrr. Allt breytist hratt og tækni framfarir láta ekki bíða eftir sér. Gervigreindin er farin að láta til sín taka; tækni í örri þróun sem bæði nemendur og kennarar eru að læra að tileinka sér og nýta til gagns. Verkefni eru ærin en það er nú svo að merking og tilgangur í lífinu verða til með því að takast á við krefjandi aðstæður og leysa málín.